Nánd Hildar við náttúruna hefur ekki rúm fyrir nostalgíu og rómantískt yfirbragð. Það stafar af hinni ströngu hugmyndalegu nálgun og nálægð tækninnar. Notkun hennar á gerviefnum er samtvinnuð listrænni aðferð þar sem kallað er fram kraftmikið samspil milli reiknivísi og ófyrirsjáanleika. Í verkum sínum rannsakar hún hvernig vefnaðar-málverkið skapar afmörkuð rými, hluti og karaktera sem einnig er hægt að endurtaka og finna þeim þá nýjan tilgang. Með öðrum orðum snúast verk hennar ekki um náttúruna í existensfálkum skilningi, né heldur sem skynjanlegt fyrirbæri, heldur er í þeim fremur spurt um náttúruna sem hluta af tæknilegum veruleika sem er mun flóknari en einföld yfirlýsing um að orðin *texti* og *textúr* (þ.e. áferð á vefnaði) séu komin af sömu latnesku rótinni. Það er litar staðarins í verkinu sem tekur breytingum í tímans rás. Náttúrulegi liturinn dofnar en litarefnin í tilbúnu málinningunni halda sér.

Málaralistin hefur sýnt merkilega þrautseigju á sístækkandi sviði samtímalistar og til hliðar við vistkerfi stafrænnar myndmiðlunar. Raunar getur vel verið að málaralistin sé máttugri nú en nokkru sinni fyrr. Hún takmarkast ekki lengur við að vera nákvæmlega eins og slétti myndflöturinn sem er hengdur upp á vegg og þykist vera eitthvað sem hann ekki er. Málverk samtímans hneigist til að taka með í reikninginn gangverkið að baki tilurð verksins og dreifingarleiðum.<sup>7</sup> Fremur en að vera eingöngu óefnisleg hlið á málverki virðist sem ein kennandi næmleiki miðilsins sé oft áfram í forgrunni.<sup>8</sup> Framsetningin afmarkast af arkitektúr

skera niður, fremur en að bæta við enn einu lagi, ljær hún verkum sínum tilfinningu fyrir næmi og tíma. Pessi djúphugula eigind knýr áhorfandann til að hægia ferðina og sökkva sér ofan í þræði málverkanna. Ef þetta er skoðað út frá túlkun, þá myndi það einnig fela í sér rof á arfleifð þess póstmóderníska viðhorfs til málverksins sem mælir fyrir um að allt geti skírkotað til hvers sem er. Pó ekki bara sem ný gerð af mínumálisma.<sup>5</sup> Einhver myndi jafnvel fremur nefna formalisma. Á hinn böginn má sjá átök milli frásagnar myndarinnar og þess hvernig málverkin eru sett fram.

Í meginatriðum notar Hildur tvö litakerfi í verkum sínum. Annað samanstendur af gerviliti íþráðum sem er dýft í akrýlmálningu.

er fremur „í“ þræðinum en „á“ honum. Liturinn er gerður út í sveit, í Púfugörðum í Flóa.

rýmisins þar sem verkið er sýnt. Petta kemur einkar ljóslega fram í silkiverkum Hildar, þar sem innsetningin er skynjuð sem ábreifanleg upplifun, sem andlegt rými handan rýnninna. Sýningin *colors of belonging* í Bergen Kjøtt var lokapunktur briggja ára listræns rannsóknarverkefnis.<sup>9</sup> Innsetningin var römmuð inn með því að hengja silkið (sem einnig var litað og nefnt í samræmi við Púfugarða-palettuna) á burðarbita byggingarinnar og með þeim hætti unnið með arkitektúr sýningarrýmisins. Fremur en að skapa gagnverkandi díalektík leitaðist Hildur með vefnaðarverkum sínum við „að skapa nýjan grundvöll, kort-leggja staðinn þar sem verkin áttu uppruna sinn út frá efnum sem þau eru gerð úr“.<sup>10</sup> Með ofnu málverkunum tekur hún einnig inn akrýlmálninguna. Par sem nú stendur yfir tímaskeið sem nefnist antrópósen (e. Anthropocene, mætti e.t.v. kalla tímaskeið mannhverfunnar), þá er það kannski einnig hluti þess samhengis sem hún er að sýna.<sup>11</sup> Hildur: „Með því að leyfa framandi efni á borð við akrýlmálninguna að vera með, þá virkjast áreksturinn eða samræðan milli jurtalitarins og akrýlmálningaráinnar á ný sem rými fyrir umhugsun.“<sup>12</sup> Það sem verður augljóst í verkum Hildar er aðgreining milli myndarinnar og málverksins. Meginmuninum á þessum tveim flokkum mætti lýsa með því að grípa til hugtakanna tími og rými.<sup>13</sup> Í grófum dráttum er mynd eithvað sem maður sér en málverk á hinn bóginn eitthvað sem maður upplifir. Myndin er þá framsetning á ytra formi hlutar en málverkið er hlutur. Málverka-vefnaður Hildar sýnir okkur glöggt að málverkið er ábreifanlegt og er aðeins til sem hlutur í rými. Það getur ekki verið til sem mynd; myndin af málverki er ekki málverkið. Málverkið er myndin er málverkið.

<sup>1</sup> Isabelle Graw, „The Value of Painting. Notes on Unspecifity, Indexicality and Highly Valuable Quasi-Persons,“ pp. 45–58, í: *Thinking Through Painting: Agency and Reflexivity beyond the Canvas*. Ritsj. Isabelle Graw, Daniel Birnbaum, Nikolaus Hirsch. Berlín, Sternberg Press, 2012.

<sup>2</sup> Jan Rydén, „Painting in the Gravitational Field“, í: *Studio Talks: Thinking Through Painting*. Ritsj. Kristina Bength, Jonatan Habib Engqvist, Jan Rydén, Sigrid Sandström. Stokkhólmi, Arvenius + Orfeus, 2014.

<sup>3</sup> Orðalagið „að málá a smækkuðum vettvangi“ kom upp í spaugsönum samræðum við málarauna Jan Rydén, Sigrid Sandström, Kristinu Bength og heimspekinginn Lars-Erik Hjertström Lappalainen fyrir fáeinum árum og var þá hugsað sem svar við hinni algengu hugmynd um netkerfiskenninguna í málverkinu á árunum 2010–2011. Sama rit.

<sup>4</sup> Í umdeildri grein sprýr bandariði listagagnrýnandinn, sýningstarstjórin og miðlakenningasmíðarinn David Joselit að því hvernig málverk geti tilheyrت netkerfi, og setur meðal annars fram rök á borð við þau að „maður getur átt tölvu en maður getur ekki átt internetið“ og að málverk samanstandi fyrst og fremst af sínum innri og ytri milli-tilvísatengingum. Sjá David Joselit, „Painting Beside Itself“, upphaflega birt í *October* 130 haustið 2009.

<sup>5</sup> Það eru að sjálfsgöðu sjáanlegar nokkrar greinilegar skírskotanir í íslenskum mímalhefðarinnar í verkum Hildar (sér í lagi fyrir 2011) og einnig má líta svo á að í ofnu málverkunum sé verið að raungera fagurfræði hins mögulega: Möguleiki, breytileiki, breyting, endurtekning, aðlögn og blæbrigði. Í þessum skilningi mætti tengja ofnu málverkinu við listamenn á borð við Sol LeWitt eða við fyrirmælamálverk Yoko Ono, og líta á notkun möskvakerfisins sem leið til að kanna til fullnustu möguleika tiltekkinnar formgerðar.

<sup>6</sup> Úr texta Hildar Bjarnadóttur um verkefni sín. Tölvupóstur til höf., júní 2016.

<sup>7</sup> Isabelle Graw, „The Value of Painting“, í: *Thinking Through Painting: Agency and Reflexivity beyond the Canvas*. Ritsj. Isabelle Graw, Daniel Birnbaum, Nikolaus Hirsch. Berlín, Sternberg Press, 2012.

<sup>8</sup> Svipað þema má raunar sjá í sýningunni Painting 2.0 sem David Joselit, höfundur bókarinnar *Painting Besides Itself*, setti með öðrum upp í Mumok í Vínarborg fyrir árinu. Jafnvel þótt frásagnarrammi sýningaráinnar, sem og yfirgrípsmikil sýningarskráin, gerði ráð fyrir kortlagningu á þróun málaralistarinnar í tengslum við fjölmöla, og samfélagið væri sátt við að halda því fram að málaralistin kæmst af með því að „leiða í ljós netkerfi sitt“ eða „ræða stjórnmál samtímans“ o.s.frv., þá er merkilegt að sjá að sjálf listaverkin eru augljóslega í efnislegri, greinilegri samræðu hvert við annað.

<sup>9</sup> *colors of belonging*, Hildur Bjarnadóttir, Bergen Kjøtt, Björgvin, Noregi, 14.–29. nóvember 2015. „Vefnaður í víðara samhengi málaralistarinnar“ var listrænt rannsóknarverkefni hennar við Lista- og hönnunarháskólan í Björgvin.

Sjá <http://www.khib.no/18599> (sótt 27. júlí 2016).

<sup>10</sup> Úr texta Hildar Bjarnadóttur um verkefni sín. Tölvupóstur til höf., júní 2016.

<sup>11</sup> Mannöld/Anthropocene er hugtak sem víssindamenn hugleidu nú að taka upp um það jarðsöglega tímabil sem hófst þegar mannleg athafnasemi fór að hafa veruleg hnattræn áhrif á jarðfræði og vistkerfi jarðarinnar.

<sup>12</sup> Úr texta Hildar Bjarnadóttur um verkefni sín. Tölvupóstur til höf., frá júní 2016. Þetta er til að mynda hægt að lesa sem andstæðu þess sem André Rottmann vill meina: „Um afar langt skeið hefur málaralistin, bæði fræðilega og í reynd, verið skipulögð, hamin og knúin áfram af fjölmörgum náskyldum gagnverkandi þáttum – litur og útlínr, gagnsæi og torræðni, láttæði og handbragð, sjónverfing og flatneskja, sýnd og hlutveruleiki, littgildi og andstæður, tilvilkjun og myndbygging, merkisverk og einlitar myndir, oflátungsleg snilld og verk án höfundar, figúratíflist og abstraktlist – svá fátt eitt sé nefnt.“ André Rottmann, „Introduction. Remarks on Contemporary Painting’s Perseverence“, í: *Thinking Through Painting*. Ritsj. Isabelle Graw, Daniel Birnbaum, Nikolaus Hirsch. Berlín, Sternberg Press, 2012.

<sup>13</sup> Þessi greinarmunur kom einnig upp í samræðu við Erlu Haraldsdóttur, sjá „The Veracity of Colour“, í: E.H., *Make a Painting of Trees Growing in a Forest. Selected Works*. Reykjavík, Crymogea, 2015.




margskonar mismunandi eiginleikar / many kinds of different qualities / 2016 / 49 × 33 × 2,5 cm  
meadow grass, wild thyme, water avens, meadowsweet, garden angelica, sheep's fescue /  
vallarsveifgras, blóðberg, fjalldalaffífill, mjaðjurt, hvónn, blávingull  
Woven, wool, linen, plant dye, acrylic paint / Ofið, ull, hör, jurtalitur, akrýlmálning





cloudiness / þokudumbungur / 2016 / 40 × 33 × 2,5 cm  
meadow grass, wild thyme, water avens, meadowsweet, garden angelica, sheep's fescue /  
vallarsveifgras, blóðberg, fjálldalafífill, mjáðjurt, hvönn, blávingull  
Woven, wool, linen, plant dye, acrylic paint / Ofið, ull, hör, jurtalitur, akrýlmálning







samkoma ólíkra heima / meeting of different worlds / 2016 / 33 × 21 × 2,5 cm  
common sorrel, woodland geranium, yellow rattle, couch grass, sea mayweed, meadowsweet, dwarf willow,  
reindeer lichen / túnsúra, blágresi, lokasjóður, húsapuntur, baldursbrá, mjaojurt, grasvíðir, hreindýrakrókar  
Woven, wool, linen, plant dye, acrylic paint / Ofið, ull, hör, jurtalitur, akrýlmálning





multicenteredness / margmiðja / 2016 / 35 × 30 × 2,5 cm  
couch grass, meadow fescue, yellow rattle, garden angelica, meadowsweet /  
húsapuntur, túningull, lokasjóður, hvönn, mjáðjurt  
Woven, wool, linen, plant dye, acrylic paint / Ofið, ull, hör, jurtalitur, akrýlmálning



deep belonging / djúp heimkynni / 2016 / 32 × 26 × 2,5 cm  
water avens, garden angelica, northern bedstraw, winter cress, meadow buttercup, yellow rattle,  
bog sedge / fjalldalaffill, hvönn, krossmaðra, repja, brennisóley, lokasjóður, þursasegg  
Woven, wool, linen, plant dye, acrylic paint / Ofið, ull, hör, jurtalitur, akrýlmálning



symbiosis / samlifi / 2016 / 33 × 21 × 2,5 cm  
couch grass, meadow fescue, yellow rattle, garden angelica, meadowsweet /  
húsapuntur, túningull, lokasjóður, hvönn, mjaðjurt  
Woven, wool, linen, plant dye, acrylic paint / Ofið, ull, hör, jurtalitur, akrýlmálning



politics, friendships and collaboration going on in the field /  
pólitík, vináttá og samvinna fyrirfinnst á svæðinu / 2014 / 40 × 33 × 2,5 cm /  
Garden angelica, water avens, meadow horsetail, tea leave willow, yellow bedstraw, meadowsweet,  
spiked woodrush, stone bramble, lady's mantle, woodland geranium / Hvönn, fjalldalaffill,  
vallelfiting, gulviðir, gulmaðra, mjaðjurt, axhæra, hrútaberjalyng, mariustakkur, blágresi  
Woven, wool, linen, plant dye, acrylic paint / Ofið, ull, hör, jurtalitur, akrýlmálning

you can hear the ocean when the wind is blowing from the south /  
það heyrist í hafinu þegar vindurinn blæs frá suðri / 2015 / 49 × 33 × 2,5 cm /  
common sorrel, water avens, garden angelica, northern bedstraw, yellow rattle, sea  
mayweed, meadow buttercup, meadowsweet, northern bedstraw / Túnsúra, fjalldalaffill,  
hvönn, krossmaðra, lokasjóður, baldursbrá, brennisóley, mjaðjurt, krossmaðra  
Woven, wool, linen, plant dye, acrylic paint / Ofið, ull, hör, jurtalitur, akrýlmálning

## STRINGS ATTACHED TO THE EARTH

### ANDREAS SIQUELAND

The swimming pool in Vesturbær lies across the street from where I stay when I am in Reykjavík. It is one of my favorite places. Here you can swim in warm water while chilly summer wind and rain ripples the surface and keeps your head nice and cool. This summer I visited Reykjavík again. It was the last day of a long journey. I had crossed the North Sea in a sailboat together with my friend Janne. From Húsavík we had traveled south to Reykjavík. We were now returning home to Norway for a month's break before coming back to Iceland and continuing our journey westward to Greenland and Canada. It was early in the morning on the day of our departure. Before leaving, I just had to go to the pool.

After a swim, I went into the steam bath. It was under these particular circumstances, breathing in the hot morning fog, that I met Hildur. She told me that she was part of the Research Fellowship Programme in Norway, a program that I had just finished. Before becoming a research fellow, she had together with her boyfriend Ólafur bought a plot of land in the South of Iceland. This land had now become her site of investigation. As the conversation continued the steam got thicker. Seeping out from underneath the seats it seemed to come from the interior of the earth, as if the breath of the land was breathing through us. For some strange reason I felt that Hildur's account of her practice had some inexplicable connection to the situation we were in.

Meetings are never coincidental. They just appear that way. It's happened to me before. Meeting someone that you feel connected to just before going somewhere. Chance encounters that remain with you. The pleasure of thinking about it. When Janne and I returned to Iceland to continue the journey over the Atlantic, we were invited out to Púfugarðar, south of Selfoss, to see Hildur and Ólafur's new studio. My friend offered to drive and we set off in the evening.

I remember crossing the bridge in Selfoss and seeing the small sturdy spruce again that has created a life for itself on the small island in the middle of the river. I have noticed this tree on several times in passing. It must have some fantastic roots clinging on to a rock in the middle of a whirlpool. After Selfoss we turned right and followed a long pretty straight road leading directly south towards the sea. The landscape was flat; on both sides of the road grassy fields, the monotony was only interrupted by some bushes or the occasional stream. The grass had been blown by strong winds making wave formations in the landscape. The weather was nice, only a few clouds in the distance. In this flat welcoming landscape you can see weather changes long before they happen, not like the city when it just starts raining without much warning. I began to understand that things do not arrive here unexpectedly and it was probably a good reason for our coming. Quite abruptly we turned left and there it was! The setting sun reflecting on the corrugated steel walls of the studio building. Long views to the mountains and the sea. Hekla and the Westman Islands.

At first sight, Púfugarðar does not seem like a very exciting place. It looks like any turf land and initially it was hard to imagine Hildur and Ólafur's attraction in coming here. The first thing Hildur did was to introduce us to the land. The earth was not flat like I had experienced it from the car, but made up of a series of small hills, maybe only a few feet high, covered with a myriad of different plants. Hildur explained how new plants had been feeding upon older plants. This had been going on for generations. The earth had slowly covered the lava, building up the natural landscape over time. The plants had been forming strings into the earth: a tension in the soil, roots into roots, to make it compact and robust.

At the edge of the neighboring property cows were coming to greet us with curi-



ous faces. They stopped at the edge of the stream that makes up the border. While they were looking at us, Hildur went on to explain that some time ago her plot of land might also have been a place where animals would graze and it is maybe thanks to them that the soil is rich with so many different species. Looking at the undulating cosmological landscape in front of us, I began to understand Hildur's fascination. It contained several small worlds that came with their own distinct topology. Our gaze hovered over it like a map. The land repeated the same movements again and again. Up and down. Up and down. It was as if the landscape itself was telling a story, showing us how it was woven together.

The evening fog, nature's steam bath, was settling on the land, gradually muting color, making the land disappear and reappear. It was getting chilly and we went inside. The studio had relatively small windows to the outside, but felt spacious because of the high ceiling. Construction was still going on with some loose electrical wires, plastic material and other building materials scattered about. In the middle of the room stood a large loom and buckets of wool yarn. A new piece of woven fabric was hanging on the wall. Hildur told us about how she had been collecting plants from the field outside that she then would boil to make plant dye for wool yarn. Once done, she would then use the yarn to weave new canvases and attach it to specially made stretchers, using small nails. She also showed us pieces of silk that she had dyed. These pieces would not be stretched, but were suspended, free floating in the room, acting as partitions that you

can see from both sides. I was impressed by the meticulous and time-consuming process. It seemed to me that great care had been given to the relationship between different materials. All very well planned. Hildur's recipe seemed so different from my own, which usually does not follow any prescribed path. The painting is made by the decision made on the canvas, which for Hildur's part seemed to be made in the canvas itself.

Hildur uses a wide variety of plants in her work. They carry beautiful names such as: Dwarf willow, Sweet grass, Northern Bedstraw, Garden Angelica, Alpine Lady's Mantle, Field Horsetail. Looking at the fabric on the loom it was unavoidable to think about its relationship to the surrounding landscape. First it appeared quite mechanical, like the yarn was interlacing like any type of fabric, but then it occurred to me that this mechanical gesture was in an odd way repeating the movements I had seen in the landscape outside. The new fabric appeared like an abstracted form, a simplification of the outside. I imagined steam rising from plants as they cook on the stove, the vapor rising like the fog settling on the land, creating an extract and essence of it.

Some might see the coloring of the yarn as a photographic process – as a snapshot of time. I find that it's much more complex than this. The color we see is a product of centuries of work done by other plants. Rain, sun, wind, pollution and volcanic ash all influence how a plant grows. When a plant is picked these influences are transfixed in the color of the yarn. The color in the yarn changes over time, adapting to the places where it is shown. Hildur explained that the



Púfugarðar 2015

color she gets from a type of plant can vary from batch to batch. It also depends on the wool and how much it absorbs, causing variations and light changes in the final work. I began to think about the process of fixing color as a play on the work done by nature itself; the alternation between cold and warm days, day and night, life and death.

The color in Hildur's work is a question of age and craftsmanship. When these two elements are rooted in place again, I think they can produce an interesting dialogue with history, our fear of it and our fear of losing it. In painting there is a long history of using different kinds of materials to produce pigments to be used as colorants. In the old days each pigment was often related to a particular place where the material could be obtained. Today color is for the most part produced chemically and this connection is lost. Hildur uses both natural and artificial colored threads. Looking at Hildur's faded green and yellow pieces of yarn, they have a look of something old and worn. The artificial colors are stronger, which makes the organic materials appear more ephemeral. At the same time they are

brand new. This ambivalence produces a series of questions with regard to art works and their age, but also how we relate to our surroundings. I once saw a woolen hat, a remnant of the Willem Barentsz expedition in late 16th century to Svalbard. The color was still an amazing blue azure. Looking at Hildur's work I began to wonder how long these pigments last; if they fade away over time or not. Will we at some point in the future only see the red and blue strings of artificial color?

I think we would see environmental changes better if we paid more attention to our close surroundings. It is something I have understood from painting outside. To look at Hildur's paintings is a way of taking in the near. There is something subdued about the ways different greens and yellows merge together, faint yet present, almost filmic in their movement. Hildur materializes this strong sense of belonging through form. She encapsulates the movements of the undulating time of the landscape in small rectangular stretched canvases, maybe 50 times 40 centimeters, or in large free-floating silk pieces. There seems to be



a need for purity to make sense and order. To show something minimal in order to extract and grasp the complexities involved in this act. Sucking up the forces of the land.

My experience as a painter is that paintings have a special way to relate to their habitat. The way they are made, the way we see them, and the way they like to be seen changes from one location to another, from one age to another. Looking at a painting you can have an idea about all these things. You can construct a story and they invite you to do it. And this is when you realize that you somehow know where they are coming from; although you may be totally wrong you are somehow always in the right. Truth in painting is revealed if you are willing to change and adapt your opinion about it.

When I returned from Canada, I had the chance to meet Hildur in Bergen on two occasions. The first time was in September when she invited me to take part in a seminar at Landmark to talk about how artistic practice relates to place. After the seminar I went for a studio visit to see the work that she was preparing for her final dissertation show at Bergen Kjøtt, which I got to see on my second visit. It was the first time I saw Hildur's works in the flesh since the Carnegie Art Awards some years back. In my first encounter I saw a work in close dialogue with an Icelandic conceptual tradition, much dominated by male figures such as Dieter Roth, Hreinn Friðfinnsson, Kristján Guðmundsson and Birgir Andrésson. After

the seminar and visiting the studios in Iceland and in Bergen, my impression of Hildur's work began to change. This was even more pronounced in the show at Bergen Kjøtt where the interplay between the art and architecture became a defining element in the presentation. Removed from the rural setting, I still felt a strong connection back to where the plants were picked. The fabric draped over the stretcher in front of me felt like a cloak, an overcoat that I can imagine wearing and becoming part of; making the memory of nature a tactile fabric. Having the opportunity to see the work in different stages, I began to think of them as living organisms evolving over time. It again brought me back to the place where they are grown and the studio as a sort of living herbarium. I saw paintings painted by nature.

A landscape changes over time. It appears different with dew on the leaves in the morning, than with the setting sun calming the feverish work done by birds, insects and plants during the day. The landscape comes with a slowness that makes us better able to comprehend or take in what is happening around us. In Hildur's work I see paintings that are not only defined by their habitat, but paintings that are the habitat. I see golden strings attached to the earth. Strings of yellow and green. Green and yellow. Like the sun and the sea slowly woven together. The fog settling on the landscape. These strings connect us to the land and what is here, what has happened here and things to come.

## ÞRÆÐIR SEM TENGJAST JÖRDINNI

ANDREAS SIQUELAND

Vesturbæjarlaugin er handan götunnar þar sem ég dvelst þegar ég er í Reykjavík. Hún er einn af uppáhaldsstöðum mínum. Hér getur maður synt í heitu vatni meðan kuldaleg sumargolan og rigningin gára yfirborðið og sjá til þess að höfuðið á manni er þægilega svalt. Petta sumar kom ég aftur til Reykjavíkur. Pað var á lokadegi langrar ferðar. Ég hafði farið yfir hálf Atlantshafið á skútu ásamt Janne vinkonu minni. Frá Húsavík höfðum við ferðast suður til Reykjavíkur. Við vorum nú á leiðinni heim til Noregs til að hvíla okkur í mánuð áður en við kæmum aftur til Íslands og héldum þaðan áfram ferð okkar vestur til Grænlands og Kanada. Petta var snemma morguns á brottfarardaginn. Áður en ég flygi heim fannst mér ég endilega þurfa að fara í laugina.

Eftir sundið fór ég inn í gufubaðið. Pað var við þær sérstöku kringumstæður, andandi að mér heitu morgunmistrinu, sem ég hitti Hildi. Hún sagði mér að hún væri í rannsóknarprógrammi í Noregi, sama myndlistarprógrammi og ég hafði nýlega lokið. Áður en hún byrjaði í rannsóknarprógramminu hafði hún ásamt Ólafi unnusta sínum keypt landspildu á Suðurlandi. Petta land var nú orðið að rannsóknarviðfangsefni hennar. Eftir því sem samræðunum vatt fram varð gufan þettari. Þar sem hún leið fram undan bekkjunum var sem hún kæmi úr iðrum jarðar, líkt og andi landsins væri að anda í gegnum okkur. Af einhverjum furðulegum ástæðum fannst mér sem frásögn Hildar af starfi sínu tengdist aðstæðum okkar á þessu augnabliki á einhvern óútskýranlegan hátt.

Pað er aldrei tilviljun að fólk hittist. Pað virðist bara vera svo. Petta hefur komið fyrir mig áður. Að hitta einhvern sem mér finnst ég tengjast, rétt áður en maður fer eitthvað annað. Samfundir verða af hendingu og lifa með manni. Og það er ánægjulegt að

hugsa um þá. Þegar við Janne komum aftur til Íslands til að halda áfram ferð okkar yfir Atlantshafið vorum við boðin í heimsókn að Púfugörðum, sunnan við Selfoss, til að skoða nýja vinnustofu Hildar og Ólafs. Vinkona mína bauðst til að aka og við lögðum af stað snemma um kvöldið.

Ég man að við ókum yfir Ölfusárbrúna þegar við komum á Selfoss og sáum aftur sterkelega grenitréð sem af elju hefur komið sér fyrir á litlum hólma úti í miðri ánni. Ég hafði nokkrum sinnum áður tekið eftir þessu trú þegar ég átti þarna leið um. Pað hlýtur að hafa stórbrotnar rætur úr því að það getur hafst við á kletti úti í miðri hringiðu. Pegar við komum út úr bænum beygðum við til hægri og fórum eftir löngum og nokkuð beinum vegi beint til suðurs og að sjónum. Landslagið var flatt; beggja vegna vegarins voru grösug tún, einsleitnin aðeins rofin með stöku runnum eða tilfallandi læk. Grasið hafði sveigst undan kröftugum vindum og setti bylgjumót á landslagið. Veðrið var indælt, einungis fáein ský sáust í fjarska. Í þessu marflata og hlýlega landslagi getur maður séð til veðrabrigða löngu áður en þau verða, annað en í borginni þar sem fer bara að rigna svo að segja án nokkurs fyrirvara. Mér fór að skiljast að hér gerðust hlutirnir ekki óvænt og að það væri sennilega góð ástæða fyrir komu okkar. Nokkuð skyndilega beygðum við til vinstri og þá vorum við komin! Sólsetrið speglar ekki í bárujárnsklæddum veggjum vinnustofunnar. Parna var góð sýn til fjalla í fjarska og út á hafið, bæði til Heklu og Vestmannaeyja.

Við fyrstu sýn virðast Púfugarðar ekki ýkja spennandi staður. Parna er þýft land eins og svo víða og til að byrja með var erfitt að sjá fyrir sér hvað hefði lokkað Hildi og Ólaf á staðinn. Pað fyrsta sem Hildur gerði var að kynna fyrir okkur landshætti.



Landið var ekki flatt eins og mér hafði sýnst út um bígluggann, heldur voru lágar hæðir um allt, bara nokkrir metrar á hæð og þaktar ógrynni mismunandi jurta. Hildur útskýrði hvernig nýjar jurtir nærðust á eldri jurtum. Svona gengur þetta kynslóð fram af kynslóð. Jarðvegurinn hafði smám saman þakið hraunið, landslagið mótað í tímans rás. Jurtirnar höfðu myndað þræði niður í jörðina, skapað spennu í moldinni, rætur umvöfðu rætur, til að þjappa jarðveginum saman og gera hann harðgerari.

Við landamerkin að næsta bæ stóðu kýr sem fognuðu okkur með forvitni í svipnum. Þær höfðu staðnæmst við bakka lækjar sem skilur á milli landareignanna. Meðan þær virtu okkur fyrir sér útskýrði Hildur að fyrir nokkru hefði spildan hennar líkast til verið beitarhagi og hugsanlega væri það skepnunum að þakka hversu ríkuleg moldin er og hvað þarna vaxa margar ólíkar tegundir jurta. Þegar ég virti fyrir mér öldótt, heimssögulegt landslagið sem blasti við fór ég að átta mig á því af hverju Hildur hafði heillast. Það hafði að geyma ýmsa smáheima og hver þeirra hafði sína sérstöku staðfræði. Tillit okkar sveimaði yfir því eins og korti. Í landinu mátti sjá sömu hreyfingarnar endurtaka sig hvað eftir annað. Upp og niður. Upp og niður. Það var engu líkara

en að landslagið sjálft væri að segja sögu, sýna okkur hvernig það er ofið saman.

Kvöldþokan, gufubað náttúrunnar, lagðist yfir landið, deyfði smám saman allan lit, lét landið hverfa og birtast á ný. Það var byrjað að kólna og við fórum inn. Á vinnustofunni voru til þess að gera litlir gluggar, en þar var rúmgott vegna þess hvað það er hátt til lofts. Enn var unnið að byggingu, hér og hvar lágu rafmagnsvírar, byggingarplast og annað byggingarefnir. Í miðju herberginu stóð stór vefstóll og hjá honum fötur af ullargarni. Nýofið verk hékk á vegnum. Hildur sagði okkur frá því að hún hefði verið að safna jurtum í grenndinni og að brátt myndi hún sjóða þær til að búa til jurtalit fyrir ullargarnið. Að lituninni lokinni myndi hún svo nota garnið til að vefnaý verk og festa þau á sérsmöðaða blindramma með hjálp lítilla nagla. Hún sýndi okkur líka búta af silkiefn sem hún hafði litað. Þeir yrðu ekki strekktir, heldur voru þeir hengdir upp, svifu frjálsir í rýminu, gegndu hlutverki skilrúma sem maður getur skoðað frá báðum hliðum. Ég hreifst af þessu nostursamlega og tímafreka ferli. Mér virtist sem mikil alúð hefði verið lögð við tengslin milli mismunandi efna. Allt virtist mjög vel skipulagt. Forskrift Hildar virtist svo ólík minni eigin, sem fer yfirleitt



ekki eftir neinni leið sem mælt er fyrir um. Málverkið verður til vegna ákvörðunar sem er tekin á striganum, en í Hildar tilfelli virðist hún tekin í striganum sjálfum.

Hildur notar mikið úrvval jurta við vinnu sína. Þær bera falleg nöfn, svo sem dvergavíðir, ilmreyr, krossmaðra, ætihvönn, elfting. Pegar maður horfði á vefnaðinn í vefstólnum var óhjákvæmilegt að leiða hugann að tengslum hans við landslagið í kring. Í fyrstu virtist hann vélrænn, þar sem garnið fléttadóist saman líkt og hver annar vefnaður, en síðan hvarflaði það að mér að þessi vélræni háttur væri á einkennilegan máta endurtekning á hreyfingunum sem ég hafði séð í landslaginu fyrir utan. Nýi vefnaðurinn birtist sem abstrakt form, einföldun á umhverfinu úti. Ég ímyndaði mér gufu sem stigi upp af jurtum í potti á eldavélinni, mistur sem risi eins og þokan sem leggst yfir landið, og skapar kraft þess og kjarna.

Sumum kann að virðast sem litunin á garninu líkist ferli ljósmyndunar – og útkoman verði skyndimynd af tímanum. Mér sýnist sem hún sé talsvert flóknari en svo. Liturinn sem við sjáum er niðurstaðan af aldalöngu starfi annarra jurta. Regn, sól, vindur, mengun og gosaska, allt hefur petta áhrif á það hvernig jurtir dafna. Pegar jurt er tínd eru þessi áhrif mörkuð í lit garnsins. Litur garnsins breytist í tímans rás, lagar sig að þeim stöðum þar sem það er sýnt. Hildur sagði okkur að liturinn sem hún fær úr tiltekinni jurtategund gæti breyst frá einni lögun til annarrar. Hann ræðst einnig af ullinni og því hve mikið hún drekkur í sig, sem kallar fram breytileika og birtubrigði í hinu

endanlega verki. Ég fór að hugleiða það ferli að festa lit sem leik sjálfrar náttúrunnar að verkinu; það hvernig kaldir og hlýir dagar skiptast á, dagur og nótt, líf og dauði.

Liturinn í verkum Hildar ræðst af tíma og verkkunnáttu. Ég held að þegar þessi tvö undirstöðuatriði hafa fest rætur á ný geti þau leitt af sér áhugaverða samræðu við söguna, um ótta okkar við hana og ótta okkar við að glata henni. Málaralistin á sér langa sögu um notkun mismunandi efna til að framleiða litarefni sem geta nýst sem litgjafar. Í gamla daga var hvert litarefni oftast tengt sérstökum stað þar sem hægt var að afla efnisins. Nú á tímum er litur að mestu leyti framleiddur með efnafræðilegum aðferðum og því hafa þessi tengsl glatlast. Hildur notar bæði náttúrulega litaða þræði og litaða þræði úr gerviefnum. Pegar horft er á milda græna og gula garnið hennar Hildar virðist það hafa á sér yfirbragð einhvers gamals og slitins. Tilbúnu litirnir eru skærari, sem gerir að verkum að lífrænu efnin virðast hverfulli. Um leið eru þau glæný. Pessi tvískinnungur leiðir til allmargra spurninga sem lúta að listaverkum og aldri þeirra, en einnig að því hvernig við setjum okkur í samhengi við umhverfi okkar. Ég sá eitt sinn hatt úr ull, leifar úr leiðangri Willems Barentsz til Svalbarða undir lok 16. aldar. Liturinn var enn ótrúlega heiðblá. Þar sem ég horfði á verk Hildar fór ég að velta því fyrir mér hversu lengi þessi litarefni endast; hvort þau dofna og hverfa með tímanum. Rennur upp sú stund í framtíðinni að við sjáum einungis rauðu og bláu þræðina með tilbúnu litunum?

Ég held að auga okkar fyrir umhverfisbreytingum yrði gleggra ef við veittum nánasta umhverfi okkar meiri athygli. Petta er nokkuð sem mér hefur skilist við að málá úti undir berum himni. Að horfa á málverk Hildar er ein leið til að gaumgæfa nærumhverfið. Pað er eitthvað hófstíllt við það hvernig ólíkir grænir og gulir litir renna saman, daufir en samt til staðar, hreyfast nánast eins og þeir séu í kvíkmynd. Í gegnum formið efnisgerir Hildur þessa sterku löngun til að tilheyra einhverjum stað. Hún sýnir í hnottskurn bylgjuhreyfingar tímans í landslaginu með litlum rétthyrndum strekkum málverkum á striga, um það bil 40 sinnum 50 sentimetrar að stærð, eða með stórum svífandi bútum úr silki. Pað virðist vera þörf á tærleika til að fá botn í hlutina og koma reglu á þá. Að sýna eitthvað mjög smátt til að draga fram og skilja flækjurnar sem koma við sögu í þessari athöfn. Að soga til sín krafta landsins.

Reynsla mín sem listmálarí er sú að málverk setja sig með sérstökum hætti í samhengi við umhverfi sitt. Pað hvernig þau eru gerð, hvernig við sjáum þau, og hvernig þau vilja láta sjá sig, þetta breytist frá einum stað til annars, frá einu tímiskeiði til annars. Pegar maður horfir á málverk getur maður gert sér grein fyrir þessu öllu saman. Maður getur samið sögu og þau bjóða upp á það. Og það er þá sem maður gerir sér ljóst að einhvern veginn veit maður hvaðan þau koma; og enda þótt maður hafi fullkomlega rangt fyrir sér hefur maður einhvern veginn alltaf á réttu að standa. Sannleikur í málverki opinberast ef maður er reiðubúinn að breytast og aðlaga álit sitt.

Pegar ég kom aftur frá Kanada fékk ég tvísvar færi á að hitta Hildi í Björgvin. Fyrra skiptið var í september þegar hún bauð mér að taka þátt í málstofu í Landmark, fyrilestrarsal Bergen Kunsthalle, sem hún skipulagði á vegum rannsóknarprógrammsins, þar sem rætt skyldi um það hvernig listsþópur setur sig í samhengi við tiltekinn stað. Eftir málstofuna fór ég í heimsókn á vinnustofuna hennar til að sjá verkin sem hún var að undirbúa fyrir sýninguna

í Bergen Kjøtt, en hana auðnaðist mér að sjá í seinni heimsókninni. Pað var í fyrsta sinn sem ég sá verk eftir Hildi með berum augum frá því á Carnegie-sýningunni nokkrum árum fyrr. Fyrst þegar ég kynntist verkum hennar sá ég verk sem var í nánni samræðu við íslenska hugmyndalistarhefð, þar sem réðu lögum og lofum karlmenn á borð við Dieter Roth, Hrein Friðfinnsson, Kristján Guðmundsson og Birgi Andrésson. Eftir málstofuna og heimsóknina á vinnustofuna á Íslandi og í Björgvin fór tilfinning míni fyrir verkum Hildar að breytast. Petta var jafnvel enn greinilegra á sýningunni í Bergen Kjøtt þar sem samspil milli listar og arkitektúrs varð að skilgreinandi þætti í framsetningunni. Pótt ég væri fjarri sveitinni fann ég engu að síður enn fyrir sterktengingu við staðinn þar sem jurtirnar voru tíndar. Vefnaðurinn sem var strekkur yfir blindrammann fyrir framan mig minnti á skikkju, yfirhöfn sem ég ímyndaði mér að ég klæddist og tilheyrði; í henni varð minningin um náttúruna áþreifanleg. Þar sem mér gafst færi á að sjá verkin á mismunandi stigum fór ég að hugsa um þau sem lífverur sem þróast með tímanum. Pað leiddi huga minn aftur að staðnum þar sem jurtirnar spretta og að vinnustofunni sem eins konar lifandi plöntusafni. Ég sá málverk sem náttúran hafði málað.

Landslag breytist með tímanum. Pað virðist öðruvísi þegar döggin hvílir á laufblöðunum að morgni en þegar sólsetrið hægir á fjörlegrí iðjusemi fuglanna, skordýranna og jurtanna að kvöldi sérhvers dags. Landslagið birtist okkur með hægð sem gerir okkur færari um að skilja eða meðtaka það sem um er að vera í kringum okkur. Í verkum Hildar sé ég málverk sem skilgreinast ekki einungis af umhverfi sínú, heldur málverk sem eru sjálft umhverfið. Ég sé gullna þræði sem tengjast jörðinni. Præði sem eru gulir og grænir. Grænir og gulir. Líkt og sólin og sjórinna hafi ofist hægt saman. Pokan er að leggjast yfir landslagið. Pessir þræðir tengja okkur við landið og það sem hér er, það sem hefur gerst hér og það sem á eftir að verða.

SPINNING MACHINE IN ÓLAFSDALUR / SPUNAVÉLIN Í ÓLAFSDAL  
The Old Agricultural School in Ólafsdalur / Gamla landbúnaðarskólanum í Ólafsdal  
Summer 2009 / Sumarið 2009

The project *Spinning Machine in Ólafsdalur* was a contribution to a group exhibition called *Valleys – Hills – Handcrafts*, located in the old agricultural school in Ólafsdalur. In the school's basement stood an old spinning machine, which had been used while the place was still lived in, after the school had been laid down. The spinning machine was used by farmers in the area, but had at this time stood in disrepair in the basement for over 40 years. Bjarnadóttir cleaned the machine and repaired it, made the pieces that were missing, and got the machine started again. She used the machine to spin yarn which she dyed, using curled dock, and then knitted long johns from the yarn. At the exhibition she presented photographs of the process of getting the machine in working order, the machine itself and the long johns.

Verkefnið *Spunavélin í Ólafsdal* var framlag til samsýningarinnar *Dalir – hólar – handverk* í gamla landbúnaðarskólanum í Ólafsdal. Í kjallara skólahússins var gömul spunavél sem notuð hafði verið í búsetutíð staðarins eftir að landbúnaðarskólinn var lagður niður. Spunavélin bjónaði í þá daga bændum í sveitinni en hafði verið í niðurníðslu í kjallaranum í yfir 40 ár. Hildur hreinsaði vélina og lagfærði, bjó til þá hluti sem höfðu glatast og kom henni í gang á ný. Hún spann með vélinni garn og litaði úr njóla frá Ólafsdal og prjónaði föðurland úr garninu. Á sýningunni sýndi hún ljósmyndir af vinnuferlinu, hvernig hún kom spunavélinni í starfhæft horf, spuna-vélina sjálfa og síðu nærbuxurnar.





Images from the process of transforming the spinning machine into a functional condition /  
Ljósmyndir sem sýna hvernig spunavélin var gerð starfhæf



Long johns / Síðar nærbuxur / 2009

#### GRANDMOTHER / AMMA

Hafnarborg, Hafnarfjörður


29.10. – 30.12. 2011

In works displayed at Hafnarborg in 2011, Bjarnadóttir's grandmother was the central theme, through plants which she grew on her plot of land in Hvalfjörður for over 70 years. The works revolve around Bjarnadóttir's connection to her grandmother through the land and handcrafts. Plants as a form of belonging is the main focus of the art works, through natural dyes from plants on her grandmother's land. This could be seen in the exhibition, in a wall piece in many units and in water colors, made from the plants from the land, along with mittens, knitted and stitched especially for Bjarnadóttir's grandmother. She also unravelled her grandmother's polyester trousers and presented them as a ball of yarn.

Í verkum sem sýnd voru í Hafnarborg árið 2011 var amma Hildar viðfangsefnið í gegnum gróður sem hún ræktaði á landspildu sinni í Hvalfjörði á rúmum sjötíu árum. Verkin fjalla um tengsl Hildar við ömmu sína í gegnum landið og handverkið. Plönturnar sem heimkynni eru meginuppistaðan í verkunum í gegnum liti sem unnr voru úr landinu. Pessi vinna birtist í veggverki í mörgum einingum og í vatnslitum unnum úr gróðri landsins, ásamt vettlingum prjónuðum og vattarsaumuðum sérstaklega fyrir ömmu Hildar. Einnig rakti Hildur upp pólýesterbuxur ömmu sinnar og sýndi sem hnykil.



Transfer / Yfirfærsla / 2009 / 31 × 21 cm  
Photographs: The artist and her grandmother /  
Ljósmýndir: Listamaðurinn og amma hennar



Garden / Garður / 2011 / Size variable / Stærð mismunandi / 25 × 25 – 35 × 41 cm /  
Crochet wool, plant dyed with plants from the artist's grandmother's land /  
Hekluð ull, lituð með plöntum af landi ömmu listamannsins



Re-give / Endurgjöf / 2007-2009 / 43 × 43 × 2 cm

Photographs: Mittens for the artist's grandmother, wool, plant dye, embroidery thread /  
Ljósmyndir: Vettlingar handa ömmu listamannsins, ull, jurtalitur, útsaumsgarn



Trousers / Buxur / 2011 / 17 cm diameter / þvermál 17 cm  
Unravelled polyester trousers that belonged to the artist's grandmother /  
Uppraktar pólyesterbuxur sem amma listamannsins átti



13 Plants / 13 plöntur / 2011 / 30 × 29,8 cm  
Watercolors on paper made from plants from the artist's grandmother's land /  
Vatnslitir á pappír gerðir úr plöntum af landi ömmu listamannsins






Scions / Græðlingar / 2009 / 40 × 53 cm  
Photograph: Scions from the artist's grandmother's land /  
Ljósmynd: Græðlingar af landi ömmu listamannsins



PAINTER'S CANVAS / MÁLARASTRIGI  
2003–2006


Bjarnadóttir became interested in the canvas as material in 2003, when she crocheted the piece *Reconstructed canvas* from linen thread. The canvas consisted of small, crocheted squares which formed lines and patterns in the canvas itself. It was then stretched on a stretcher bar. Another piece from the same year, titled *Reconstructed canvas II*, is made from painter's canvas, bought in an art supply store, the threads partially unravelled and then reconstructed with a crocheted pattern, framing the original canvas. She also showed *Belgian linen* from 2004, which was crocheted with linen thread and presented on a pedestal. In 2006, Bjarnadóttir showed six pieces woven with linen thread and stretched on a stretcher bar, in the Living Art Museum in Reykjavík. Linen thread and the construction of the painter's canvas has since been an important part of her work.

Svo virðist að flestir listamenn á 20. öld hafi verið hughyggiusinnar af einhverju tagi. Það er vel þekkt hvernig Kandinsky lýsir bæði hinum líkamlegu og andlegu áhrifum sem litir hafa á okkur í tímamótaverki sínu *Varðandi hið andlega í listinni*.<sup>4</sup> Matisse segir á einum stað: „Með litum er mögulegt að tjá ljós, ekki hið efnislega fyrirbæri heldur hið eina ljós sem er í raun til, það sem má finna í heila listamannsins.“<sup>5</sup> Jón Stefánsson fjallar á svipuðum nótum um andlegan veruleika lita: „Við sjáum dýrðina og tignina í einstökum litatónum, að sumir tónar eru tignari en aðrir, blæfallegrí, fyllri og tala til einhverra „mystískra“ kennda í sálum vorum.“

Að vísu er rétt að setja þessi ummæli í listsögulegt samhengi. Allir voru þeir að streitast á móti þeirri tilhneigingu að líta á liti í málverki sem eftirmund þeirra lita sem koma fyrir í náttúrunni. Peir höfðu áhuga á því hvernig litir virkuðu á striganum og innan heildar myndarinnar óháð því hverju væri verið að lýsa: „Menn hafa fest það í sér,“ segir Jón, „að t.d. grasið sé grænt. En grasið er mjög breytilegt, eftir því hverjir litir fara með því“. Samband lita innbyrðis hefur áhrif á hvernig við skynjum einstaka litatóna og þeir geta haft gjörólík áhrif eftir samhenginu, þess vegna verður að skoða þá í sínu rétta samhengi án þess að einblína á samsvorun þeirra við eiginleika tiltekins hlutar. Með því að greina liti frá hlutum á þennan hátt lá beinast við að staðsetja þá á hinu andlega sviði og aðskilja þá alveg frá efnislegum hlutum.

Hvaða aðrir möguleikar eru í stöðunni? Andstæðan við hughyggi væri þá væntanlega *hluthyggja um liti*: Litir eru ekki háðir þeim sem skynjar, þeir eru hlutlægur eiginleiki hluta, sem þýðir í raun að það er til þekking um liti, þá er hægt að rannsaka og setja fram um þá kenningar sem má rökræða og hrekja. Til eru litakerfi og litafræði, gerðar eru uppgötvanir og fundnar nýjar leiðir til að framleiða liti og meðhöndl. Fyrir hluthyggiusinnanum er litblindi málarinn staðfesting þess að litir séu óháðir skynjun, enda kemur fötlun hans í veg fyrir að hann geti skynjað þá – ef litir eru ekki til nema í huganum, hvað er hann þá blindur á? Okkur er tamt að tala um liti á þennan hátt, sumir

sjái þá betur en aðrir, málarar hafi þjálfaðra auga en aðrir, það þurfi að læra á liti og átta sig á hvernig þeir hegða sér, alveg eins og með aðra efnislega eiginleika hluta.

Ekki verður hjá því komist að nefna þriðja möguleikann, því vel má spryja sig að því hvort óhjákvæmilegt sé að velja á milli hughyggju og hluthyggju. Verðum við að skipta veruleikanum upp á þennan hátt? Kemur það heim og saman við reynslu listamanna? Priðja leiðin væri sú að sneiða hjá þessari tvískiptingu veruleikans. Slík hugmyndafræði getur tekið á sig nokkrar myndir innan heimspeki sem of langt mál yrði að tíunda hér, en það er vert að nefna eitt tilbrigði sem á sér samsvörun innan listarinnar og mætti kalla *fjölhýggju um liti*, til að gefa hugmyndastefnunni eitthvert heiti. Hún felur í sér að líta beri á liti sem menningarfyrirbæri. Í stuttu máli mætti lýsa henni á eftirfarandi hátt: Innan menningarverða til ákveðin „kerfi“ í kringum hluti og birtast í nafngiftum, talsmáta, táknumáli, flokkunum, reglum, verkkunnáttu, umgengnisvennum o.s.frv. Slík kerfi eru grunnurinn að skilningi á tilteknum fyrirbærum og segja til um hverju er tekið sem góðu og gildu um þau. Hvert um sig hafa þau ákveðið afmarkað gildi og hlutverk í daglegum athöfnum.

Kerfin eru mörg og í sífelldri þróun og á milli þeirra geisar hörd lífsbaráttu sem getur leitt til þess að sum kerfi nái yfirhöndinni og ryðja öðrum úr vegi. Raunvísindi eru einmitt dæmi um kerfi sem hefur reynst gríðarlega öflugt að þessu leyti. Aftur á móti geta þau í sumum tilvikum verið ósamrýmanleg innbyrðis, þannig að ekki er auðveldlega hægt að gera upp á milli þeirra. Þá kemur upp sú staða að sum kerfi verða ríkjandi innan menningar, ekki vegna þess að þau séu endilega réttari og betri en önnur heldur vegna þess að þau hafa komist til valda af einhverjum tilteknum sögulegum ástæðum, vegna hefðar eða til að verja ákveðna hagsmuni, jafnvel af pólitískum ástæðum. Fjölhýggja af þessu tagi hefur verið nokkuð áberandi innan póstmódnismans.

Birgir Andrésson er ágætt dæmi um listamann sem hefur fengist við liti sem menningarfyrirbæri á þennan hátt. Birgir var ekki að velta fyrir sér sálrænum áhrifum lita heldur hvað þeir segðu um menningu okkar. Eða eins og hann segir sjálfur í formála að bókverkinu *Nálægð* frá 1990: „Hér eru tólf sýnishorn af litum íslenskrar menningar. Þau eru ekki unnin út frá litum úr náttúrulegum efnasamböndum, svo sem jurtum eða jarðefnum. Heldur úr þeim litabrigðum sem mér hafa sýnst mest áberandi í sköpunarverkum þjóðarinnar í gegnum aldirnar.“<sup>7</sup> Seinna meir gaf hann þessum sýnishornum einfaldlega nafnið *Íslenskur*. Litir sem eru innan kerfisins *Íslenskur* geta einnig borið nöfn innan Pantone-litakerfisins og fengið ákveðinn kóða fyrir prentvinnslu. Eins og gefur að skilja er *Íslenskur* ekki hluti af *Pantone*, sama fyrirbærið getur verið hluti af mismunandi kerfum sem sjálf eiga kannski ekkert sameiginlegt. Birgir átti til að orða það þannig að það sem gildir sé að vera *læs* á mismunandi kerfi. Aftur á móti þarf læsi á *Pantone* ekki endilega að fela í sér læsi á *Íslenskan*. Litblindi málarinn er, í vissum skilningi, lesblindur.

Myndlistarmaðurinn Donald Judd vitnar í læriföður sinn Joseph Albers sem sagði að ef maður er staddir í sal með fimmtíu manns og nefnir einhvern lit á nafn, segjum *gulan*, þá hafi hver um sig af þessum fimmtíu sína eigin ímynd af gula litnum í huga. Ef Albers er með þessu að gefa í skyn að litir séu af þessum ástæðum huglægir, þá skjálast honum, sem sést best með því að skipta út orðinu *gulur* með orðinu *hundur*; allir í salnum sjá fyrir sér einhvern hund, ólíkan hundum allra hinna, sem þýðir náttúrlega ekki að hundar séu huglæg fyrirbæri. Petta dæmi sýnir okkur að litaorð hegða sér eins og almennt heiti. Orðið *gulur* er almennt heiti yfir ótal mismunandi litatóna og það er erfitt að afmarka hvar gulur endar og rauður (eða appelsínugulur) byrjar. Reyndar má yfirfæra þetta yfir á Pantone-kerfið, því hvert einasta litaorð, eða kóði, í kerfinu er almennt heiti allra þeirra lita sem samsvara litaprufunni. Þá kemst maður ekki hjá því að spryja þeirrar spurningar hvort litaorð geti hegðað sér sem eiginnöfn, þ.e.a.s. að *gulur* vísi hverju sinni til eins og aðeins eins guls litar í heiminum, til dæmis gula litarins sem Hildur Bjarnadóttir safnaði úr túnfíflum á landareigninni Þúfugörðum sumarið 2013 og notaði til að lita garn sem var ofið í striga sem sýndur var 2014.

Þessi spurning snýst um það hvort litirnir í verkum Hildar séu einstakir, eða tilheyri einhverju „kerfi“ sem nefnir þá „réttum“ nöfnum. Hvar á að staðsetja litina í verkum Hildar? Er ekki hægt að finna samsvörun á milli litefnanna sem hún notar í sínum verkum og litaprufta í Pantone-kerfinu? Er það sami litur og litur túnfíflsins í Hvalfirði? Á að nota litaspjaldið sem mælikvarða á lit túnfíflsins? Er hinn guli litur túnfíflsins sá sami og guli liturinn á litaspjaldinu sem heitir *strágulur* og hefur sérstakan litakóða og er blandaður saman úr grunnlitum eftir tiltekinni formúlu?

Svo virðist sem við getum spurt annars konar spurninga um litefni unnin úr náttúrunni, svo sem hvaðan þau koma, hvernig þau eru fengin og hvað er gert með þau. Liturinn sem fenginn er úr túnfíflinum getur verið mismunandi eftir landsvæðum og jarðvegi, tíma ársins, þeim aðferðum sem notaðar eru við að vinna litefnið úr jurtinni og líta garnið, efniseiginleikum garnsins o.s.frv. Það hefur engan tilgang að spyrja hvaðan strágulur litur akrýlmálningarárinnar er kominn. Akrýllitir eiga hvergi heima, þeir eiga sér engan sérstakan uppruna, þeir eru afurð staðlaðrar framleiðslaðferðar sem fylgir tæknilegum formúlum. Liturinn í strigum Hildar tengist staðnum á einhvern hátt og hefur að geyma upplýsingar sem akrýlliturninn gerir ekki.

Að þessu sögðu er ljóst að þótt eðlisfræði og líffræði hafi fært okkur nær því að skilja samband geislunar og taugabooða eru litir enn jafnmikil ráðgáta. Prátt fyrir allt er engin ein afgerandi kenning um liti í heimi heimspeki og vísinda. Vísindagreinarnar sálarfræði og taugafræði horfa á liti frá sínu takmarkaða sjónarhorni, þ.e. líkamlegri virkni sjónskynsins, en hver er munurinn á taugaendablossa fyrir grænan og taugaendablossa fyrir gulan ef við þekkjum ekki muninn á grænum og gulum? Hvernig ætti litblindur taugafræðingur að vita hvað hann væri að rannsaka?

## AÐ NEMA LITI ÚR JÖRÐINNI

Í þessu samhengi eru verk Hildar áhugaverð. Í þeim er sambandið á milli litar og efnis sérstaklega áberandi og sterkt því að það varðar tilurð þeirra og merkingu. Jörðin verður sýnileg í gegnum liti, ekki litlaus heimur tækninnar heldur sú mennska jörð sem við tilheyrum. Hildur afmarkar sig við lífræna liti, kreistir safann úr yfirborði þess jarðargróðurs sem þrífst í sólarljósini, enda má skynja í verkum hennar samhygð með hinni lífvænlegu jörð sem nærir ekki aðeins gróður heldur og menn og skepnur. Liturinn er annað og meira en hughrif af stað, hér er hann leifar staðarins í þurrkuðu og samþjóppuðu formi.

Fyrir listamönnum eru litir efnisleg gæði, á svipaðan hátt og gifs og marmari og pappír og blýantur. Í verkum Hildar eru litir ekki aðeins efnisleg gæði, þeir eru landgæði. Litarefnið gegnir því hlutverki að vera hvort tveggja í senn, sjónræn og efnisleg tenging við landið þar sem jurtirnar vaxa. Kortlagning lands með litum. Petta er svolítið annar hugsunarháttur en að líta á lit sem tæknilegan þátt í framleiðslu verka eða sem vöru sem hægt er að velja af katalóg eða litaspjaldi. Okkar tími er ef til vill fordekraður af ofgnótt gervilita sem hafa fjarlægst uppruna sinn og jarðveg. Ef svo er, þá er það hvergi nema í höndum listamanna að finna aftur þessa lind.

<sup>1</sup> Oliver Sacks, „The Case of The Colorblind Painter,“ *The New York Review of Books* 19. nóvember, 1987.

<sup>2</sup> John Locke, *Essay Concerning Human Understanding*, II. viii. 10: Secondary qualities are the colours, sounds, smells, tastes, etc., of any object. These are secondary because these features of objects do not exist in the objects themselves, but rather are nothing but the power of the primary qualities of the object to produce an idea in us of a certain kind.

<sup>3</sup> Sama rit, IV. iii. 13.

<sup>4</sup> Sjá Wassily Kandinsky, *Concerning the Spiritual in Art*, 1912, kafla 5.

<sup>5</sup> Henri Matisse, „The Role and Modalities of Colour,“ 1945. Í: *Matisse on Art*, ritstj. Jack D. Flam, Phaidon Press 1975, bls. 99–100: Colour helps to express light, not the physical phenomenon, but the only light that really exists, that in the artist's brain.


<sup>6</sup> Jón Stefánsson, „Nokkur orð um myndlist“, 1935. Í: *Jón Stefánsson, Listasafn Íslands* 1989, bls. 80–81.

<sup>7</sup> Birgir Andrésson, *Nálægð. Litir*. A, 1990.


GINGHAM  
2005–2006

In *Gingham, Cadmium Red*, Bjarnadóttir started dyeing the thread before placing it in the loom alongside untreated linen thread. The idea of the painting thereby enters the work process in the form of method and pigment. By dyeing the thread before weaving the piece, its front and back sides look exactly the same. The front and back merge and dissolve traditional roles within a painting; the painting is embedded in the background, not painted on top of it. The Gingham pieces are part of a research on the nature of painting, its materials, methods and position in the context of crafts and weaving. The pieces are made from linen, which is the most common thread used to weave a painter's canvas, woven with plain weave, half over, half under structure. This weaving structure has an inherent character of equality and balance, the warp and the weft are equally visible, both play an equal part in the structure of the surface. In the Gingham series, the image is viewed on the surface of the work, indicating a geometric abstraction, but at the same time the pieces resemble a gingham tablecloth. The pieces carry a certain illusion – they are a woven tablecloth and a painting of it at the same time. The key to understanding the work is the knowledge of how it is made.

Í verkinu *Gingham, Cadmium Red* byrjar Hildur að lita þráðinn áður en hann er settur í vefstólinn ásamt ólituðum hörþræði. Pannig er hugmyndin um málverkið komin inn í vinnuferlið í formi aðferðar og litarefnis. Með því að lita þráðinn áður en verkið er ofið verða framhlið og bakhlíð verksins eins. Framhlið og bakhlíð hafa sameinast og leyst upp hefðbundna hlutverkaskiptingu innan málverksins, málverkið er inni í bakgrunninum en ekki sett ofan á hann. Gingham-verkin eru hluti af rannsóknum á eðli málverksins, efnivið bess, aðferðum og stöðu í samhengi við handverk og vefnað. Verkin eru unnin úr hör, sem er algengasta efnin í málarastriga, og ofin með einskeftuvefnaði, til helminga yfir og undir strúktúr. Pessi vefnaðartegund ber í sér ákveðinn jöfnuð og jafnvægi, það sést jafn mikil í uppistöðuna og ívafnið, sem bæði leika jafnt hlutverk í uppbyggingu flatarins. Í Gingham-röðinni sést myndin á yfirborði verksins og vísar til géometrískrar abstraksjónar, en um leið líta verkin augljóslega út eins og Gingham-borðdúkar. Verkin innihalda ákveðna blekkingu – þau eru í senn ofinn borðdúkur og málverk af honum. Lykillinn að því að skilja verkið er vitneskjan um hvernig það er gert.




Gingham, Cadmium Red / 2005 / 91,5 × 91,5 × 2,5 cm / Weave, linen, acrylic paint / Vefnaður, hör, akrýlmálning







Gingham, Phthalo Turquoise / 2006 / 80 × 80 × 2,5 cm / Weave, linen, acrylic paint / Vefnaður, hör, akrýlmáлning  
Gingham, Burnt Sienna / 2005 / 80 × 80 × 2 cm / Weave, linen, acrylic paint / Vefnaður, hör, akrýlmáлning



Equivalent / Ígildi / 2006 / SAFN



Equivalent / Ígildi / 2006 / SAFN





Urban Color Palette, Reykjavík (21 pieces / 21 mynd) / 2010 / 45 × 45 × 2,5 cm  
Plants / plöntur: Birdeye pearlwort / Skammkrækill. Sea mayweed / Baldursbrá.  
White deadnettle / Ljósatvítönn. Pineapple weed / Hlaðkolla. Sweet cicely / Spánarkerfill.  
Dandelion / Túnfifill. Shepherd's-purse / Hjartaarfi. Sheep's sorrel / Túnsúra





Angelica and tea leaved willow / Hvönn og gulvíðir / 2014 / 90 × 90 × 2,5 cm  
Woven, wool, linen, plant dye, acrylic paint / Ofið, ull, hör, jurtalitur, akrýlmá�ning





Mapping a piece of land / Kortlagning lands / 2014 / Hverfisgallerí



Crowberry, angelica, willow, common meadow-grass, stone bramble II

Krækilyng, hvönn, loðviðir, vallarsveifgras, hrútaberjalyng

2014 / 50 × 34 × 2,5 cm. Woven, wool, linen, plant dye, acrylic paint

Ofið, ull, hör, jurtalitur, akrýlmálning



Crowberry, angelica, willow, common meadow-grass, stone bramble I & II  
Krækilyng, hvönn, loðvíðir, vallarsveifgras, hrútaberjalyng I & II  
2014 / 50 × 34 × 2 cm. Woven, wool, linen, plant dye, acrylic paint  
Ofið, ull, hör, jurtalitur, akrýlmálning

ORIGIN / UPPRUNI


Rakete Rinnzekete (collaboration / samsýning)

The Nordic House / Norræna húsið, Reykjavík

20.07. – 25.08. 2013

The piece *Origin* (110 × 200 × 2.5 cm) is woven from wool, dyed with shield lichen from Réttarholi in the Reykjanes Peninsula, where Bjarnadóttir's mother's side of the family has lived for decades. The lichen grows on rocks by the sea close to the house. The lichen gives a dark red color and resembles a common hair color in the family. In this art work, Bjarnadóttir explores the connection between people and place through plants and colorants.

Verkið *Uppruni* (110 × 200 × 2,5 cm) er ofið úr ull sem lituð er með snepaskóf frá Réttarholti í Garði. Það hefur móðurætt Hildar búið í áratugi. Skófin vex á sjávar-klöppum rétt við bæinn. Liturinn sem skófin gefur er dökkrauður og svipar til háralitar sem algengur er í fjölskyldunni. Í verkinu skoðar Hildur samband fólks og staðar í gegnum plöntur og litarefní.



## FLORA OF WEEDS / FLÓRA ILLGRESIS

Hallgrímskirkja, Reykjavík  
01.12. 2013 – 02.02. 2014

In preparation for the exhibition *Flora of Weeds*, Bjarnadóttir collected seeds and roots of weeds near Hallgrímskirkja. With the aid of the Storð nursery, the seeds and roots were cooled and stored until they were planted in a greenhouse, under growth lights around the middle of November. The plants included angelica, yarrow, sweet cicely, dandelion, chickweed, groundsel, shepherd's purse, coltsfoot, fringed willow herb, creeping buttercup, forget-me-not, hairy bittercress, birdeye pearlwort, chickweed and sheep's sorrel. In December, when the exhibition opened, the plants had awokened to the spring. Bjarnadóttir transformed the church's entrance hall into a greenhouse. The plants were placed on two tables, in pots, beneath growth lights where they then grew for two months. The seasons had been turned around, December was June, and the plants were in the wrong place at the wrong time and in the wrong context. The work draws a parallel between the role of the church and the greenhouse. Both offer nourishment, warmth, shelter and foster life.

Við undirbúning sýningarinnar *Flóra illgresis* safnaði Hildur fræjum og rótum illgresis í nágrenni Hallgrímskirkju. Með aðstoð gróðrarstöðvarinnar Storðar voru fræin og ræturnar kældar og geymdar þar til þeim var komið fyrir í gróðurhúsi og undir gróðurljós um miðjan nóvember. Meðal plantna voru hvönn, vallhumall, spánarkerfill, túnffill, haugarfi, krossffill, hjartaarfi, hóffffill, dúnurt, skriðsóley, gleymmér-ei, lambaklukka, skammkrækill, vegarfí og túnsúra. Í desember þegar sýningin hófst höfðu plönturnar vaknað til vorsins. Með sýningunni breytti Hildur anddyri kirkjunnar í gróðurhús. Plöntunum var komið fyrir í pottum á tveimur bordum og undir gróðurljós þar sem þær uxu og döfnuðu í two mánuði. Árstíðunum hafði verið snúið á hvolf, desember var júní og plönturnar voru á röngum stað, í röngum tíma og röngu samhengi. Verkið dregur þannig upp hliðstæðu á milli hlutverks kirkjunnar og gróðurhússins. Bæði bjóða næringu, hlýju, skjól og hlúa að lífinu.





Flora of weeds / Flóra illgresis / Hallgrímskirkja church / Hallgrímskirkja / 2013–2014





Flora of weeds / Flóra illgresis / Hallgrímskirkja church / Hallgrímskirkja / 2013–2014







## ECOSYSTEM OF COLOR / VISTKERFI LITA

Kjarvalsstaðir, Reykjavík

03.09. 2016 – 08.01. 2017

The exhibition *Ecosystem of color* consists of art work from the exhibition *Colors of Belonging*, which was the result of Bjarnadóttir's research project at the Bergen Academy of Art and Design in 2012–2015, along with new works, made for The Reykjavík Art Museum with plants from the artist's plot of land in South-Iceland. The exhibition features woven paintings, made from wool, dyed with plants, and linen thread, dyed with acrylic paint. Two colour systems are woven together with single threads so there are never two colorants of the same kind or from the same plant side by side, thus creating dots of color, horizontal and vertical, throughout the canvas. In the exhibition space at Kjarvalsstaðir, silk pieces of different sizes form the surroundings. Each one is dyed with dye from one plant and the architecture in the ceiling is used to hang the pieces. The silk creates an area where the plants meet and define a space in relation to the woven paintings which are constructed from multiple color dots.

Á sýningunni *Vistkerfi lita* eru sýnd verkin úr sýningunni *Litir tengsla*, sem var niðurstaða rannsóknarverkefnis Hildar við Listaháskólann í Björgvin á árunum 2012 til 2015, ásamt nýjum verkum sem unnin hafa verið fyrir Listasafn Reykjavíkur úr gróðri af landi hennar í Flóanum. Á sýningunni eru ofin málverk gerð úr jurtalitaðri ull og hörþræði sem litaður hefur verið með akrýlmálinnu. Tveimur litakerfum er fléttæd saman með stökum litaþráðum þannig að aldrei eru tveir litir af sömu tegund eða úr sömu plöntu hlið við hlið. Pannig myndast litapunktar, lóðrétt og lárétt, jafnt yfir myndflötinn. Silkifletir í ólískum stærðum mynda umhverfið í vestursal Kjarvalsstaða. Hver silkiflötur er litaður með lit úr einni plöntu og er arkitektúrinn í lofti rýmisins notaður til uppsetningar. Silkið myndar svæði þar sem plönturnar mætast og afmarka rými í tengslum við ofnu málverkin sem eru samsett úr fjölda litapunkta.





Ecosystem of color / Vistkerfi lita / 2016





Ecosystem of color / Vistkerfi lita / 2016





JONATAN HABIB ENGQVIST is an independent curator and writer. He is currently co-curator of the process-based biennale Sinopale 6 in Turkey, organising New Småland – a series of events in collaboration between four art institutions in southern Sweden and running the small-scale curatorial residency CRIS in Stockholm. He was co-curator of the Momentum biennale 2015, project manager for visual art at Iaspis (2009–2014), curator of Reykjavík Arts Festival 2012, and has been employed as curator at Moderna Museet (2008–2009). He has written for and edited several books and journals, is editor in mischief at tsnoK.se and teaches regularly at The Royal Institute of Fine Art in Stockholm. Recent shows include solo exhibitions with Bouchra Khalili at Färgfabriken, Stockholm, 2016, Raluca Popa, RCI, Stockholm and A Kassen at the National Gallery of Iceland, 2015.

ANDREAS SIQUELAND is a visual artist who lives and works in Oslo. His practice is concerned with the relationship of art to nature and notions of translation, re-enactment and repetition. He works as a painter and in collaboration with the Norwegian artist Anders Kjellesvik under their joint name aiPotu. Siqueland's paintings are primarily landscapes in oil, ink and watercolours on board, paper and canvas. His works play on the active relationship between the conditions in which a painting is made and the 'what' it depicts. Working both outside and inside, Siqueland often lets the concrete situation, such as changing weather conditions or restrictions imposed by architecture, play an active role in making the work. In recent works he has been exploring painting through large scale works.

GUNNAR J. ÁRNASON studied art at the Icelandic College of Arts and Crafts, and the School of Visual Arts in New York, before turning to philosophy and aesthetics, which he studied both at the University of Iceland and the University of Cambridge in England. As an art critic and independent writer he has written extensively on Icelandic art, both locally and internationally, for art catalogues and magazines, monographs and academic publications. He is a freelance lecturer in art theory at the Icelandic Academy of the Arts and was a jury member of the Carnegie Art Award from 2008 to 2011. Publications include *Kristinn E. Hrafnsson* (Crymogea, 2009); *Rúri* (Hadje Cantz, 2011), *The History of Icelandic Art* (ed. Ó. Kvaran, JPV, 2011); Perspectives – On the Borders of Art and Philosophy (Reykjavík Art Museum, 2011); *Just Painted* (Reykjavík Art Museum, 2015).

JONATAN HABIB ENGQVIST er sjálfstætt-starfandi sýningarástjóri og rithöfundur. Um þessar mundir er hann einn af sýningarástjórum tvíæringsins Sinopale 6 í Tyrklandi, skipuleggur New Småland – sem er viðburðasýrpa í samstarfi fjögurra listastofnana í suðurhéruðum Svíþjóðar – og sér jafnframt um CRIS, vinnustofu og fbúð fyrir sýningarástjóra í Stokkhólmi. Hann var aðstoðarsýningarástjóri á tvíæringsnum Momentum árið 2015, framkvæmdastjóri fyrir myndlistarviðburði á Iaspis (2009–2014), sýningarástjóri Listahátiðar Reykjavíkur árið 2012, og starfaði sem sýningarástjóri hjá Moderna Museet (2008–2009). Hann hefur skrifnað greinar í bækur og tímarit og ritstýrt nokkrum bókum, er aðalritstjóri við tsnoK.se og kennir reglulega við Konunglegu listastofnunina í Stokkhólmi. Meðal nýlegra sýninga hans eru einkasýningar með Bouchra Khalili í Färgfabriken í Stokkhólmi árið 2016, sýning Raluca Popa í RCI í Stokkhólmi og A Kassen í Listasafni Íslands árið 2015.

ANDREAS SIQUELAND er myndlistarmaður sem býr og starfar í Ósló. Í vinnuferlinu veltir hann fyrir sér tengslum listar við náttúru og hugmyndum um þýðingar, sviðsetningum á liðnum viðburðum og endurtekningum. Hann starfar sem listmálarí og einnig er hann í samstarfi við norska listamanninn Anders Kjellesvik undir sameiginlegu listamannsnaði þeirra: aiPotu. Málverk Siquelands eru öðru fremur landslagsmálverk, málvöð með olíu, bleki og vatnslitum á viðarlötur, pappír og striga. Verk hans snúast mjög um hin virku tengsl milli aðstæðnanna þar sem málverk verður til og „þess“ sem það sýnir. Með því að vinna bæði utan- og innandyra lætur Siqueland hinar áþreifanlegu aðstæður, svo sem veðrabrigði eða hömlur af völdum bygginga, oft skipa stórt hlutverk við gerð verksins. Í nýlegum verkum sínum hefur hann fengist við að kanna málverkið í stóru formati.

GUNNAR J. ÁRNASON lærði myndlist í Myndlista- og handíðaskóla Íslands og School of Visual Arts í New York. Hann sneri sér síðan að heimspeki við Háskóla Íslands og Háskólann í Cambridge á Englandi þar sem hann var í framhaldsnámi í fagurfræði og listheimspeki. Frá 1990 hefur hann starfað sem listgagnrýndi og sjálfstæður fræðimaður og skrifnað um íslenska myndlist bæði hérlandis og fyrir erlenda útgefendur en auk þess kennt listheimspeki við Listaháskóla Íslands og víðar. Gunnar sat í dómnefnd Carnegie-listverðlaunanna frá 2008 til 2011. Hann er einn höfunda *Íslenskrar listasögu* (ritstj. Ólafur Kvaran, JPV útgáfa, 2011) og meðal annarra útgefina verka hans eru *Kristinn E. Hrafnsson* (Crymogea, 2009), *Rúri* (Hadje Cantz, 2011), *Hugsandi list* (Listasafn Reykjavíkur, 2011) og *Nýmálað* (Listasafn Reykjavíkur, 2015).

## HILDUR BJARNADÓTTIR

BORN IN REYKJAVÍK, ICELAND, 1969 / FÆDD Í REYKJAVÍK 1969

### SELECTED SOLO EXHIBITIONS / HELSTU EINKASÝNINGAR

- 2016 *Ecosystem of color.* Reykjavík Art Museum, Kjarvalsstaðir Reykjavík, Iceland. / *Vistkerfi lita.* Listasafni Reykjavíkur, Kjarvalssstöðum.
- 2015 *Colors of Belonging.* Bergen Kjøtt, Bergen, Norway. / *Colors of belonging.* Bergen Kjøtt, Bjørgvin, Noregi.
- 2014 *Subjective Systems.* Kunstnerforbundet, Oslo, Norway. / *Subjective systems.* Kunstnerforbundet, Ósló, Noregi.
- 2013 *Mapping a Piece of Land.* Hverfisgallerí, Reykjavík, Iceland. / *Kortlagning lands.* Hverfisgallerí, Reykjavík.
- 2013 *Flora of Weeds.* Hallgrímskirkja Church, Reykjavík, Iceland. / *Flóra illgresis.* Hallgrímskirkju, Reykjavík.
- 2011 *Coherence.* Hafnarborg – The Hafnarfjörður Center of Culture and Fine Art, Hafnarfjörður, Iceland. / *Samræmi* (ásamt Guðjóni Ketilssyni). Hafnarborg, Hafnarfirði.
- 2010 *Re-give.* The Textile Museum, Blönduós, Iceland. / *Endurgjöf.* Heimilisðónaðarsafninu, Blönduósi.
- 2008 *Encircling.* Pollock Gallery, Southern Methodist University, Dallas, USA. / *Encircling.* Pollock Gallery, Southern Methodist University, Dallas, Bandaríkjumun.
- 2007 *Inclusion.* ASÍ Art Museum, Reykjavík, Iceland. / *Innifalið.* Listasafni ASÍ, Reykjavík.
- 2006 *Surrogate.* Safn, Reykjavík, Iceland. / *Ígildi.* Safni, Reykjavík.
- Background.* I8 Gallery, Reykjavík, Iceland. / *Bakgrunnur.* I8, Reykjavík.
- Ground.* The Living Art Museum. Reykjavík, Iceland. / *Fletir.* Nýlistasafni, Reykjavík.
- Overlap.* Pulliam Deffenbaugh Gallery, Portland, USA. / *Overlap.* Pulliam Deffenbaugh Gallery, Portland, Bandaríkjumun.
- 2005 *Unravelled.* The Boise Art Museum. Boise, USA. / *Unravelled.* The Boise Art Museum, Boise, Bandaríkjumun.
- 2004 *Work(s).* ASÍ Art Museum. Reykjavík, Iceland. / *Verk.* Listasafni ASÍ, Ásmundarsal, Reykjavík.
- 2003 *Stretching Canvas.* Pulliam Deffenbaugh Gallery, Portland, USA. / *Stretching Canvas.* Pulliam Deffenbaugh Gallery, Portland, Bandaríkjumun.

### SELECTED GROUP EXHIBITIONS / HELSTU SAMSÝNINGAR

- 2016 *Unravelled – Textiles Reconsidered.* CAC, Cincinnati Contemporary Arts Center, Cincinnati, USA. / *Unravelled – Textiles Reconsidered.* CAC, Cincinnati Contemporary Arts Center, Cincinnati, Bandaríkjumun.
- 2015–2020 *Points of View.* The Culture House. Reykjavík, Iceland. / *Sjónarhorn.* Safnahúsinu, Reykjavík.
- 2014 *Your Compound View.* The Reykjavík Art Museum, Iceland. / *Pín samsetta sjón* – Úrvalsverk úr safneigninni 1970–2010. Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsinu.
- Traces of Creation.* Hafnarborg – The Hafnarfjörður Center of Culture and Fine Art, Hafnarfjörður, Iceland. / *Ummerki skópunar.* Hafnarborg, Hafnarfirði.
- 2013 *Rakete Rinnzekete.* The Nordic House, Reykjavík, Iceland. Vestjyllands Kunstmuseum, Tistrup, Denmark. / *Rakete Rinnzekete.* Norræna húsinu, Reykjavík. Vestjyllands Kunstmuseum, Tistrup, Danmörku.
- Magic and Happiness.* Kalfarlien 18, Bergen, Norway. / *Magic and happiness.* Kalfarlien 18, Bjørgvin, Noregi.
- Elemental.* Havremagasin, Boden, Sweden. / *Elemental.* Havremagasin, Boden, Svíþjóð.
- 2012 *Carnegie Art Award Exhibition.* The Royal Swedish Academy of Fine Art, Stockholm, Sweden. Amos Andersen Art Museum, Helsinki, Finland. Sophienholm, Lyngby/Copenhagen, Denmark. / *Carnegie Art Award Exhibition.* Kungliga Akademien för de fria konsterna, Stokholmi, Svíþjóð. Amos Andersonin taidemuseo, Helsinki, Finnlandi. Sophienholm, Lyngby, Danmörku.
- 2011 *Carnegie Art Award Exhibition.* The Stenersen Museum, Oslo, Norway. / *Carnegie Art Award Exhibition.* Stenersenmuseet, Ósló, Noregi.
- Perspectives – On the Borders of Art and Philosophy.* The Reykjavík Art Museum, Hafnarhús. Reykjavík, Iceland. / *Sjónarmið, á mótmum myndlistar og heimspeki.* Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsinu.
- 2010 *Metabolism.* Reykjanes Art Museum. Reykjanesbær, Iceland. / *Efnaskipti.* Listasafni Reykjanesbaðar.
- Project Ten Ten Ten.* The Mint Museum, Charlotte, USA. / *Project Ten Ten Ten.* The Mint Museum, Charlotte, Bandaríkjumun.
- 2009 *Threads.* Listasafni Árnesinga, Hveragerði, Iceland. / *Þráeaddir þráeðir.* Listasafni Árnesinga, Hveragerði.
- Volcano Lovers.* Ise Cultural Foundation, New York, USA. / *Volcano Lovers.* Ise Cultural Foundation, New York, Bandaríkjumun.
- Valleys – Hills – Handicrafts.* Ólafsdalur, Iceland. / *Dalir – hólar – handverk.* Ólafsdal, Dalabyggð.
- Icelandic Collectors.* Hafnarborg – The Hafnarfjörður Center of Culture and Fine Art, Hafnarfjörður, Iceland. / *Íslenskir safnarar.* Hafnarborg, Hafnarfirði.
- Traces.* The Kópavogur Natural History Museum, Kópavogur, Iceland. / *Minjar.* Náttúrufræðistofu Kópavogs.
- 2008 *Blurring the Line.* Pulliam Deffenbaugh Gallery, Portland, USA. / *Blurring the Line.* Pulliam Deffenbaugh Gallery, Portland, Bandaríkjumun.
- Unusual Twist.* Spencertown Academy Art Center, Spencertown, USA. / *Unusual Twist.* Spencertown Academy Arts Center, Spencertown, Bandaríkjumun.
- From Another Shore: Recent Icelandic Art.* Scandinavia House, New York, USA. / *From Another Shore: Recent Icelandic Art.* Scandinavia House, New York, Bandaríkjumun.
- The Seditious Stitch.* Sun Valley Center for the Arts, Sun Valley, USA. / *The Seditious Stitch.* Sun Valley Center for the Arts, Sun Valley, Bandaríkjumun.
- 2007 *Radical Lace and Subversive Knitting.* Museum of Arts and Design, New York, USA. / *Radical Lace and Subversive Knitting.* The Museum of Art and Design, New York, Bandaríkjumun.
- Thread.* Koroska Gallery of Fine Arts, Slovenj Gradec, Slovenia. / *Thread.* Koroska Gallery of Fine Arts, Slovenj Gradec, Slovénia.
- 2006 *Painting after 1980.* The National Gallery, Reykjavík, Iceland. / *Málverkið eftir 1980.* Listasafni Íslands, Reykjavík.
- The Visual Arts Award Exhibition.* The Akureyri Art Museum, Akureyri, Iceland. / *Sjónlist.* Listasafni Akureyrar.
- New Embroidery. Not Your Grandmother's Doily.* Contemporary Crafts Museum, Portland, USA. / *New Embroidery. Not Your Grandmother's Doily.* Contemporary Crafts Museum, Portland, Bandaríkjumun.
- A Changing Fabric.* Salina Art Center, Salina, USA. / *A Changing Fabric.* Salina Art Center, Salina, Bandaríkjumun.
- Women Artists.* I8, Reykjavík, Iceland. / *Konur.* I8, Reykjavík.

- 2005 *Volcana, Icelandic Panorama*. Plug In Institute of Contemporary Art, Winnipeg, Canada. / *Volcana, Icelandic Panorama*. Plug In Institute of Contemporary Art, Winnipeg, Kanada.
- K-2005. Röda Sten Konsthall, Gothenburg, Sweden. / K-2005. Röda Sten Konsthall, Gautaborg, Svíþjóð.
- 2004 *New Icelandic Art*. The National Gallery, Reykjavík, Iceland. / *Ný íslensk myndlist*. Listasafni Íslands, Reykjavík.
- Happy Art for a Sad World*. Spike Gallery, USA. / *Happy Art for a Sad World*. Spike Gallery, New York, Bandaríkjumun.
- 2003 *Ulterior Motive*. Marylhurst University, Portland, USA. / *Ulterior Motive*. Marylhurst University, Portland, Bandaríkjumun.
- Pins and Needles*. John Michael Kohler Arts Center, Sheboygan, USA. / *Pins and Needles*. John Michael Kohler Arts Center, Sheboygan, Bandaríkjumun.
- The Wild, Wild North*. CityScape Community Art Space, Vancouver, Canada. / *The Wild, Wild North*. CityScape Community Art Space, Vancouver, Kanada.
- 18 Women. CCC Art Center Gallery, Astoria, USA. / 18 Women. CCC Art Center Gallery, Astoria, Bandaríkjumun.
- 2001 *Contemporary Skeins*. Contemporary Crafts Museum, Portland, USA. / *Contemporary Skeins*. Contemporary Crafts Museum, Portland, Bandaríkjumun.
- Oregon Biennial*. The Portland Art Museum, Portland, USA. / *Oregon Biennial*. The Portland Art Museum, Portland, Bandaríkjumun.
- Domesticity*. The Waiting Room, Minneapolis, USA. / *Domesticity*. The Waiting Room, Minneapolis, Bandaríkjumun.
- 2000 *Chronologies*. The Rotunda Gallery, New York, USA. / *Chronologies*. The Rotunda Gallery, New York, Bandaríkjumun.
- 1998 *The A. I. M. Program Exhibition*. The Bronx Museum of the Arts, New York, USA. / *The A. I. M. Program Exhibition*. The Bronx Museum of the Arts, New York, Bandaríkjumun.

#### COLLECTIONS / VERK Í OPINBERRI EIGU

- 2015 The National Museum of Decorative Arts and Design, Trondheim, Norway. / Nordenfjeldske Kunstmuseum, Prándheimi, Noregi.
- The West Norway Museum of Decorative Art, KODE 1, Bergen, Norway. / Vestlandske Kunstmuseum, KODE 1, Björgvin, Noregi.
- 2012 Hafnarborg Art Museum – The Hafnarfjörður Center of Culture and Fine Art, Hafnarfjörður, Iceland. / Hafnarborg, menningar- og listamiðstöð Hafnarfjarðar.
- 2011 The Reykjavík Art Museum, Reykjavík, Iceland. / Listasafn Reykjavíkur.
- 2010 The Mint Museum, Charlotte, USA. / The Mint Museum, Charlotte, Bandaríkjumun.
- 2008 National Gallery of Iceland, Reykjavík, Iceland. / Listasafn Íslands, Reykjavík.
- 2007 The Museum of Contemporary Craft, Portland, USA. / The Museum of Contemporary Craft, Portland, Bandaríkjumun.
- Tatsumi Sato Collection, Hiroshima, Japan. / Tatsumi Sato-safnið, Hiroshima, Japan.
- Boise Art Museum, Boise, USA. / Boise Art Museum, Boise, Bandaríkjumun.
- 2006 Penninn Art Collection, Iceland. / Listaverkassafn Pennans, Reykjavík.
- 2005 The National University Collection, Reykjavík, Iceland. / Listasafn Háskóla Íslands, Reykjavík.
- The National University Hospital of Iceland Collection, Reykjavík, Iceland. / Listasafn Landspítala-Háskólasjúkrahúss, Reykjavík.
- 2004 The National Gallery, Reykjavík, Iceland. / Listasafn Íslands.
- 2002 Art Omi Collection, New York, USA. / Art Omi Collection, New York, Bandaríkjumun.
- 2000 The Reykjavík Art Museum, Reykjavík, Iceland. / Listasafn Reykjavíkur.
- 1999 The South Norway Museum of Arts, Kristiansand, Norway. / Sørlandets Kunstmuseum, Kristiansand, Noregi.

#### ACHIEVEMENTS AND HONOURS / VIÐURKENNINGAR

- 2011 Carnegie Art Award Nomination, Sweden. / Tilnefning til Carnegie-verðlaunanna, Svíþjóð.
- 2006 The Icelandic Visual Arts Award. Akureyri Art Museum, Iceland. / Sjónlistarorðan, frá Listasafni Akureyrar.
- 2005 Svarav Guðnason and Ásta Eiríksdóttir Art Award. National Gallery of Iceland, Reykjavík. / Styrkur úr sjóði Svarars Guðnasonar og Ástu Eiríksdóttur, Listasafni Íslands.
- 2002 DV Cultural Award Nomination. Reykjavík, Iceland. / Tilnefning til menningarverðlauna DV.
- 2001 The Betty Bowen Memorial Award. Special Recognition. Seattle Art Museum, USA. / The Betty Bowen Memorial Award. Sérstök viðurkenning. Seattle Art Museum, Bandaríkjumun.
- The Oregon Biennial. Juror Award. Portland, USA. / The Oregon Biennial. Juror Award, Portland, Bandaríkjumun.
- 2000 Penninn Art Award. Reykjavík, Iceland. / Myndlistarverðlaun Pennans, Reykjavík.

#### EDUCATION / MENNTUN

- 2012–2016 The Norwegian Artistic Research Fellowship Program. A practice-based PhD equivalent. Bergen Academy of Art and Design, Fine Art Department, Bergen, Norway. / Rannsóknarstaða, Program for kunstnerisk utviklingsarbeid, Noregi. Verklegt ígildi doktorsnáms í myndlist. Kunst- og designhøgskolen i Bergen – myndlistardeild. Noregi.
- 2008–2009 Iceland Academy of the Arts. Teaching Diploma. Reykjavík, Iceland. / Kennsluréttindi í framhaldsskólu. Listaháskóli Íslands – listkennsludeild, Reykjavík.
- 1994–1997 MFA. Pratt Institute, New Forms Department, New York, USA. / MFA-próf. Pratt Institute – nýlistadeild, New York, Bandaríkjumun.
- 1989–1992 BA. The Icelandic College of Arts and Crafts, Textile Department, Reykjavík, Iceland. / BA-próf. Myndista- og handíðaskóli Íslands – textíldeild. Reykjavík.
- 1985–1989 Business and Language Diploma. The Commercial College of Iceland, Reykjavík, Iceland. / Stúdentspróf. Verslunarskóli Íslands – málabraut, Reykjavík.

PUBLISHERS / ÚTGEFENDUR:

NORWEGIAN ARTISTIC RESEARCH FELLOWSHIP PROGRAMME  
BERGEN ACADEMY OF ART AND DESIGN  
LISTASAFN REYKJAVÍKUR / REYKJAVÍK ART MUSEUM

LJÓSMYNDIR / PHOTOGRAPHY:

VIGFÚS BIRGISSON  
BJARTE BJØRKUM  
ØYSTEIN THORVALDSEN  
PÉTUR THOMSEN  
ÓLAFUR SVEINN GÍSLASON  
HILDUR BJARNADÓTTIR

TEXTI / TEXT:

ANDREAS SIQUELAND, GUNNAR J. ÁRNASON, JONATAN HABIB ENGQVIST,  
HILDUR BJARNADÓTTIR, ÓLAFUR SVEINN GÍSLASON, ÓLÖF K. SIGURÐARDÓTTIR

ÞÝDING / TRANSLATION:

UGGI JÓNSSON, SARAH BROWNSBERGER, INGUNN SNÆDAL

PRÓFÖRK / PROOFREADING:

MÖRDUR ÁRNASON, BRIAN FITZGIBBON, ELÍSA BJÖRG ÞORSTEINSDÓTTIR

ACKNOWLEDGEMENTS / PAKKIR: HILDE HAUAN, ANNE KATRINE DOLVEN,  
ÓLAFUR SVEINN GÍSLASON, JÓHANNES DAGSSON

HÖNNUN / DESIGN:

SNÆFRÍÐ ÞORSTEINS, HILDIGUNNUR GUNNARSDÓTTIR

PRENTUN / PRINT:

PRENTMET, REYKJAVÍK

ISBN 9979-769-52-1

© 2016 HILDUR BJARNADÓTTIR, NORWEGIAN ARTISTIC RESEARCH FELLOWSHIP  
PROGRAMME, BERGEN ACADEMY OF ART AND DESIGN, REYKJAVÍK ART  
MUSEUM / LISTASAFN REYKJAVÍKUR / AUTHORS OF TEXTS AND PHOTOGRAPHS /  
HÖFUNDAR GREINA OG LJÓSMYNDARAR

THIS BOOK HAS BEEN PRODUCED WITH THE GENEROUS SUPPORT OF /  
ÚTGÁFU PESSARAR BÓKAR STYRTI:





ISBN 978-9979-7695-52-1

A standard linear barcode representing the ISBN number 978-9979-7695-52-1.

9 789979 769521